

## Skólaráð Naustaskóla

4. fundur ársins 2009 þann 27. apríl kl. 16:15, haldinn á Naustatjörn og í Naustaskóla

Mættir: Ágúst Jakobsson, Bryndís Björnsdóttir, Jón Stefán Baldursson, Sara Stefánsdóttir, Björk Guðmundsdóttir, Erla Rán Kjartansdóttir.

Dagskrá og afgreiðslur:

1. Skoðunarferð um Naustaskóla. Húsnæðið skoðað og vöngum velt um skipulag og ýmislegt varðandi húsnæðið og nýtingu þess. Framkvæmdum hefur miðað nokkuð hægar en vonir stóðu til undanfarið, en þó er enn stefnt að afhendingu húsnæðisins í júlí. Niðurstaða verðkönnunar vegna húsgagnasmíði fyrir skólann verður ljós á morgun en stefnt er að því að stærstur hluti húsgagna fyrir skólann verði smíðaður á Akureyri.
2. Útlit og horfur. Skólastjóri gerði grein fyrir stöðu mála varðandi undirbúning skólustarfsins. Nú eru 126 nemendur innritaðir í skólann og er enn að bætast í hópinn. Unnið er að undirbúningi ráðninga annars starfsfólks en kennara og verða þau störf auglýst innan skamms. Þá fer drjúgur tími þessa dagana í vinnu við búnaðarkaup fyrir skólann. Ákveðið hefur verið að bæta við einni deild á Naustatjörn og mun hún verða til húsa í Naustaskóla, gerð hafa verið drög að samstarfsáætlun milli skólanna og má nálgast þau á heimasíðu skólans. Þá hefur verið ákveðið að eldhús Naustatjarnar muni annast matreiðslu fyrir Naustaskóla til að byrja með.
3. Skóladagatal. Kynnt drög að skóladagatali fyrir næsta vetur. Hefur dagatalið tekið nokkrum breytingum frá síðustu yfirferð m.a. vegna samræmingar við aðra grunnskóla og leikskóla. Skólaráð samþykkir skóladagatalið fyrir sitt leyti.
4. Fræðsla til kennara. Skólastjóri kynnti fyrirhugaða fræðslu og undirbúning kennara skólans. Nokkrir úr starfsliðinu munu heimsækja Norðlingaskóla 4.-5. maí nk. Nær allir kennarar skólans munu vinna saman helgina 16.-17. maí nk. að stefnumótun og undirbúningi, auk þess hafa verið hugmyndir um að starfsmannahópurinn hittist snemma í júní og mæti nokkuð fyrr í ágúst en almennt gerist. Þá munu kennarar hafa aðgang að lesefni, umræður fara fram með tölvusamskiptum o.fl. Byrjað er að skrá kennara á námskeið í haust s.s. varðandi Byrjendalæsi, notkun Numicon kubba o.fl.
5. Sameiginleg innkaup á gögnum fyrir nemendur. Rætt um þá hugmynd að skólinn annist innkaup á gögnum fyrir nemendur s.s. stílabækur, möppur, gáma o.fl. Skólaráð er jákvætt fyrir hugmyndinni enda hugsuð bæði til hægðarauka og sparnaðar fyrir foreldra.
6. Morgunmatur / ávextir / form á hressingu. Vangaveltur um form á morgunverði og hressingu fyrir nemendur. Stefnt er að því að boðið verði upp á hafragraut fyrir nemendur kl. 8-8:15 að morgni. Þá er stefnt að því að boðið verði upp á

ávaxtaáskrift fyrir nemendur, hugsanlega einnig brauðmeti í nestistíma og jafnvel að þeir hafi aðgengi að ávöxtum allan daginn. Unnið verður að áætlunum um verðlagningu vegna þessa.

7. Skólafatnaður. Ræddar hugmyndir að skólafatnaði í samræmi við niðurstöður könnunar meðal foreldra fyrr í vetur þar sem fram kom áhugi á að foreldrum standi til boða að kaupa skólaföt fyrir nemendur án þess að um skyldu verði að ræða. Útlit er fyrir að hægt sé að bjóða upp á vandaðar og ódýrar peysur og boli, unnið verður áfram að því máli.
8. Frekari kynningarfundir fyrir foreldra og nemendur. Skólaráð var á því að ekki væri brýn þörf fyrir frekari kynningar fyrir nemendur og foreldra að sinni, enda húsnaðið varla í sýningarhæfu ástandi enn sem komið er. Ákveðið að bjóða upp á "opið hús" til skoðunar um leið og leyfi fæst frá verktökum.
9. Vorhátíð. Hverfisnefnd Naustahverfis mun halda vorhátíð 11. júní nk. Rætt um hlutverk skólans í hátíðinni. Skólastjóri skoðar nánar. Á skóladagatali skólans fyrir næsta ár er gert ráð fyrir vorhátíð á laugardegi seint í maí. Leitað verður samstarfs við hverfisnefndina um skipulag og framkvæmd þess dags

Fleira ekki tekið fyrir

Ágúst ritaði fundargerð.